

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Varð dystópían að veruleika?
Skáldsagan *LoveStar* í ljósi bókmenntagreina

Ritgerð til B.A. prófs í íslensku sem öðru máli

Mathilde Maindrault

Kt.020596-4499

Leiðbeinandi: Jón Karl Helgason

September 2020

Ágrip

Þessi ritgerð er lokaritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Hún er bókmenntagreining á skáldsögunni *LoveStar* eftir Andra Snæ Magnason. Í þessu verkefni er reynt að gera grein fyrir breytingum á flokkun sögunnar sem hefur einkum verið flokkuð sem vísindaskáldsaga og dystópía. Tíu árum eftir útgáfu sögunnar var hún samt flokkuð sem paródía og þetta atriði var kveikjan að rannsókninni sem hér er kynnt. Af hverju breyttist flokkun skáldsögunnar með tímanum?

Þessi spurning vekur upp fleiri spurningar: Hvernig eru bókmenntaverk flokkuð? Getur flokkun bókmenntaverka breyst með tímanum? Getur ein og sama sagan tilheyrt mismunandi bókmenntagreinum samtímis?

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er gerð grein fyrir flokkun *LoveStar* sem dystopíu og teknar þar til greina fjölbreyttar skilgreiningar og byggingarreglur þeirrar bókmenntagreinar. Í öðrum hlutanum er fjallað um sveigjanleika bókmenntagreina og skilgreiningu á *LoveStar* sem paródíu og satíru. Að loknum er fjallað um þessa breytingu á flokkun skáldsögunnar frá einum tíma til annars og um leið er spurt: Getur *LoveStar* tilheyrt mismunandi bókmenntagreinum á sama tíma? Er sagan orðin að paródíu? Þýðir það að hugmyndirnar sem eru kynntar í sögunni séu orðnar að veruleika?

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
2. <i>LoveStar</i> sem dystópía	7
2.1. Skilgreiningar á dystopíu	7
2.2. Er <i>LoveStar</i> dæmigerð dystópía?	8
3. Eru bókmenntagreinar tímabundnar?	17
3.1. Sveigjanleiki bókmenntagreina	17
3.2. <i>LoveStar</i> sem paródía	18
3.3. <i>LoveStar</i> sem satíra	21
4. Niðurstaða og lokaorð.....	28
Heimildaskrá	31

1. Inngangur

LoveStar, fyrsta skáldsaga Andra Snæs Magnasonar fyrir fullorðna, kom fyrst út á íslensku árið 2002 og hefur síðan verið þýdd á mismunandi tungumál, meðal annars ensku, frönsku og þýsku. Skáldsagan hefur verið tilnefnd til bókmenntaverðlauna bæði á Íslandi og erlendis og fékk meðal annars „Grand Prix de l’Imaginaire“ í flokki þýddra skáldsagna árið 2016. Þetta eru elstu bókmenntaverðlaun sem enn eru við lýði í Frakklandi. Í frétt um þau var sagt að *LoveStar* væri „besta og hugmyndarikasta erlenda vísindaskáldsagan sem komið hefur út í Frakklandi síðustu 12 mánuði“ (Morgunblaðið, 2016). Skáldsagan hefur oftast verið álitin vísindaskáldsaga og sérstaklega dystópía, til að mynda hjá dómnefnd „Grand Prix de l’Imaginaire“. En nú eru átján ár síðan bókin kom út og er skilningur manna á henni orðinn fjölbreyttari en í upphafi. Sagan hefur verið talin tilheyra mismunandi bókmenntagreinum meðal þeirra sem hafa tjáð sig í fjölmiðlum og af gagnrýnendum á ólíkum tímum og stundum er litið á Andra Snæ sem ófreskan höfund eftir að sumar hugmyndir í bókinni hafa orðið að veruleika. Oftast er sagan þó greind sem vísindaskáldsaga, dystópía eða jafnvel ástarsaga.

Í *LoveStar* er lýst heimi þar sem bylgjur af ýmsu tagi hafa slæm áhrif á náttúruna, „heimurinn var orðinn svo mettaður af bylgjum, útsendingum og rafsviðum að dýrin lásu allskyns vitleysu úr loftinu“ (Andri Snær Magnason, 2002, bls. 12). Vísindamenn finna leið til að skipta þessum bylgjum út fyrir fuglabylgjur. Þá fæðist samfélag þar sem ÍSTAR, fyrirtækið sem byrjaði að nota fuglabylgjurnar, hefur stjórn á öllu (hugsunum fólks, dauðanum, ástinni) og er á góðri leið með að ná tókum á bænum og óskum mannkynsins. Í sögunni eru tveir söguþræðir. Annars vegar er fjallað um Örvar eða *LoveStar* sem er vísindamaður og forstjóri ÍSTARs. Hann verður fórnarlamb hugmynda sinna sem leiða mannkyn smám saman í átt að heimsendi. Hins vegar er ástarsaga Indriða og Sigríðar sem trúá á hina einu sönnu ást og eru viss um að þau hafi fundið hana í hvort öðru þangað til *LoveStar* reiknar þau í sundur. Þá byrjar barátta Indriða gegn kerfinu.

Við útgáfu ensku þýðingarinnar á *LoveStar* árið 2012 sagði Andri Snær í viðtali við *Reykjavík Grapevine*: „þegar bókin kom út 2002 var hún kölluð dystópía; en hún er nú kölluð paródía“ (O’Brien, 2012). Í ljósi þessara ummæla er forvitnilegt að spyrja:

Hvaða bókmenntagrein tilheyrir *LoveStar* í samtímanum? Í þessari ritgerð verður fjallað um flokkun skáldsögunnar með hliðsjón af bókmenntagreinum og þá um leið spurt: Hvað hefur áhrif á bókmenntagreinar? Geta bókmenntagreinar breyst frá einum tíma til annars? Í öðrum kafla verður gerð grein fyrir flokkun *LoveStar* sem dystopíu. Í þriðja kafla verður fjallað um sveigjanleika bókmenntagreina og skilgreiningu á *LoveStar* sem paródíu og satíru. Í niðurstöðukafla verður reynt að gera grein fyrir breytingunni á flokkun skáldsögunnar frá einum tíma til annars. Er *LoveStar* einfaldlega orðin að paródíu eða getur sagan tilheyrt mismunandi bókmenntagreinum á sama tíma? Er ennþá hægt að tala um *LoveStar* sem dystopíu átján árum eftir fyrstu útgáfu hennar eða eru hugmyndirnar sem þar eru kynntar nú þegar orðnar að veruleika?

2. LoveStar sem dystópía

Skáldsagan *LoveStar* hefur oft verið flokkuð sem vísindaskáldsaga vegna þess að hún lýsir ýmsum vísindalegum framförum. ÍSTAR sendir til dæmis dautt fólk úti í geim í staðinn fyrir að jarðsetja það. Þá geta börn endurfæðst nokkrum sinnum í sögunni. Hér er um að ræða „framfarir“ sem hafa að mörgu leyti orðið að veruleika. Árið 2004 byrjaði til dæmis bandarískt fyrirtæki að bjóða upp á útför úti í geimnum (Morgunblaðið, 2004) og einnig er nú hægt að klóna lífverur. Það vakti til dæmis mikla athygli á Íslandi árið 2018 þegar fréttist að Dorrit Moussaieff, fyrrverandi forsetafrú, ætlaði að láta klóna hundinn sinn (Kristín Ólafsdóttir, 2018).

LoveStar hefur einnig oft verið flokkuð sem dystópía, sem er eins konar undirgrein vísindaskáldsögunnar. Þetta var sérstaklega áberandi þegar bókin kom út árið 2002. En hvað gerir *LoveStar* að dystopíu? Hvaða einkenni inniheldur sagan sem benda til að hún tilheyrir einmitt þessari bókmenntagrein?

2.1. Skilgreiningar á dystopíu

Dystopíur eru alls staðar í kringum okkur og nú um stundir eru þær sérstaklega áberandi í unglingsbókmenntum og kvikmyndum. Má þar nefna *The Hunger Games* eftir Suzanne Collins og *Divergent* eftir Neil Burger sem voru afar vinsælt efni milli 2010 og 2015. Það fyrsta sem kemur upp í huga margra er að dystópía sé andstæða við útópiu. Samkvæmt bókmenntafræðingunum Michael D. Gordin, Helen Tilley og Gyan Prakash er dystópía ekki í beinni andstöðu við útópiuna. Þau segja:

raunveruleg andstæða útópiu yrði samfélag sem væri annað hvort gersamlega óskipulagt eða skipulagt til að vera, vísvitandi, hræðilegt eða skelfilegt. Dystópía, eins og venjan er að hugsa um hana, er hvorugt; heldur er hún fremur útópiu sem hefur farið út af sporinu. (Gordin, Tilley og Prakash, 2010, bls. 1)

Í MA-ritgerðinni sinni „Er mannskepnan missir völdin. Þróun og greining íslenskra ólandssagna fyrir fullorðna“ gerir Harpa Rún Kristjánsdóttir grein fyrir því að *LoveStar* sé dystópía (hún notar reyndar hugtakið *ólandssaga* í ritgerðinni) og styðst þar við skilgreiningu Gregory Claeys og Lyman Tower Sargent. Samkvæmt þeim er útópiu

„samfélag sem ekki er til, en er lýst í smáatriðum og iðulega staðsett í tíma og rúmi“ (Harpa R. Kristjánsdóttir, 2018, bls. 9). Í framhaldi segja þau að dystópía sé „útópía sem höfundur ætlast til að samtímalesendur sjái sem mynd af mun verra samfélagi en því sem þeir búa í“ (Harpa R. Kristjánsdóttir, 2018, bls. 9). Harpa Rún vísar einnig til hugmynda Raffaellu Baccolini um bókmenntablöndun (e. „genre-blurring“) en hún segir að dystópían standi einhvers staðar á milli útópíu og and-útópíu sem er gagnrýni á útópíuhugsunina eða einhverja ákveðna útópíu (Harpa R. Kristjánsdóttir, 2018, bls. 12).

En viðfangsefnið nægir tæplega eitt til að skilgreina tiltekna bókmenntagrein. Oft er líka rætt um tiltekin byggingareinkenni verka sem tilheyra bókmenntagreininni. Harpa Rún notar í ritgerð sinni hugmyndir Claeys og Sargents til að teikna ólandssagnalíkan sem lýsir dæmigerðri byggingu dystópíunnar. Í líkaninu eru sex mismunandi byggingareinkenni og sýnir líkanið hvernig þau tengjast. Í byrjun dystópíu er oft að finna lýsingu á samfélagi sem er framandi í huga lesenda og virðist vera mun verra en það sem þeir þekkja í raunveruleikanum. Þetta kallar Harpa Rún „annars staðar“ (e. „elsewhere“). Þegar búið er að kynna þetta samfélag er sjónarhornið oft þrengt og beinist að einstaklingi, oftast aðalpersónu, sem gerir sér grein fyrir hversu slæmar aðstæðurnar í kringum hana eru og snýst hún því á móti kerfinu. Stundum finnur aðalpersónan bandamenn „sem leiðir til gagngerrar andstöðu við kerfið“ (Harpa R. Kristjánsdóttir, 2018, bls. 12). Stundum tekst valdakerfinu að vinna á móti andstöðunni. Aðalpersónan fær samt hetjulegan hápunkt áður en valdakerfið sigrar. Jafnvel þótt aðalpersónan og félagar hennar endi ekki alltaf á að sigra getur sagan endað með lýsingu á sterkum byltingaranda þar sem lítill hópur stendur eftir. Lesendur horfa þá til framtíðarinnar með von um öflugri andstöðu og uppreisn. Þetta eru allt einkenni sem hægt er að nota til að öðlast betri skilning á *LoveStar* sem dystópíu.

2.2. Er *LoveStar* dæmigerð dystópía?

Skáldsaga Andra Snæs passar vel inn í ólandssagnalíkan Sargents þó að það séu tveir söguþræðir í sögunni og þetta sýnir Harpa Rún fram á í ritgerðinni sinni. Hún segir fyrst

og fremst að þar sé lýst samfélagi sem er lesendum framandi jafnvel þótt það séu margar ábendingar um að sagan gerist á Íslandi, því samfélagið virðist mun verra en það sem þeir þekkja í raunveruleikanum (Harpa R. Krístjánsdóttir, 2018, bls. 29). Í fyrstu köflum *LoveStar* er lögð áhersla á að jafnvægi í náttúrunni hérlendis hafi raskast vegna notkunar á bylgjunum. Talað er um „[k]ríurnar sem rötuðu ekki heim eitt vorið“ (Andri Snær Magnason, 2002, bls. 9),¹ en allir Íslendingar vita að kríurnar koma til landsins að hverju vori. ÍSTAR fyrirtækið byggir líka skemmtigarð í Öxnadal. Mögulegt er að þetta samfélag sé íslenskt samfélag framtíðarinnar sem er óþekkt í huga lesenda en staðirnir eru samt kunnuglegir. Þetta hjálpar lesandanum að tengja sig betur við söguna.

Í samfélagi sögunnar eru dýr og skordýr ráðvillt vegna notkunar á bylgjunum og heimurinn er orðinn algjörlega óstöðugur. Kríurnar ráðast inn í París í staðinn fyrir að fara til Íslands, Chicago fyllist af randaflugum og er borgin í lamasessi þangað til náttúran nær sér aftur á strik og borgin fyllist af blómum. Nýtt vistkerfi þroskast í borginni og ýmist villt dýr, til dæmis birnir frá Alaska, koma þangað. Fiðrildi verða líka rugluð, þau eiga að fljúga „yfir þvera Ameríku til Mexíkó“ en fljúga „í þveröfuga átt“ (bls. 11). „Menn fóru fljótlega að gruna ástæðuna fyrir þessu öllu: Heimurinn var orðinn svo mettaður af bylgjum, boðum, útsendingum og rafsviðum að dýrin lásu allskyns vitleysu úr loftinu“ (bls. 12).

Þetta eru lýsingar sem gefa skyn á hversu slæmar aðstæðurnar í heimi sögunnar eru og bergmála þær áhyggjur sem margir hafa nú á dögum varðandi umhverfisvandamál og loftslagsbreytingar. Harpa Rún bendir samt á að „[j]afnvægi náttúrunnar er í upphafi raskað af manna völdum, en áhersla bókarinnar er öll á þau áhrif sem óeðlileg hegðun dýranna hefur á manninn“ fremur en á umhverfisvandamál (Harpa R. Krístjánsdóttir, 2018, bls. 35).

En í *LoveStar* finnur hópur rannsóknarmanna vistvænan valkost í náttúrunni til að bjarga bæði dýrum og mönnum og breytir „heiminum á örfáum árum“ (bls. 17). Í samtíma sögunnar virðist þetta samfélag ekki vera svo slæmt vegna þess að aðaláhyggjur lesenda varðandi umhverfið eru að baki, flest vandamál virðast leyst: „Það má segja að fuglabylgjurnar hafi verið nýtt þróunarskref hjá mannkyninu. Þá reis upp „hinn handfrjálsi maður“, ratvísari en kjói og frjálsari en kóngafiðrildi“ (bls. 17). En

¹ Hér eftir verður vitnað til þessarar heimildar með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli.

Þetta á bara við þangað til að sjónarhornið er þrengt á eina af aðalpersónum sögunnar, Indriða Haraldsson.

Indriði Haraldsson er handfrjáls nútímamaður. Handfrjálsir menn voru sem minnst innan um snúrur og leiðslur sem hétu reyndar ekki lengur snúrur og leiðslur. Snúrur voru kallaðar hlekkir. Gömlu tækin kölluðust hrúgur, lóð eða byrðar. (bls. 22)

Þarna má greina næsta skref í byggingarlíkaninu, sjónarhornið er þrengt á persónu sem verður meðvituð um hversu slæmt samfélagið sem hún býr í er og snýst gegn kerfinu. Lífið er ekki sérstaklega slæmt fyrir Indriða og Sígriði, kærustu hans, í byrjun sögunnar vegna þess að þau passa inn í kerfið. Þau eru hamingjusöm og ástfangin og geta ekki hugsað um neitt annað. Að mati Hörpu Rúnar virðist ólandið sem þau búa í vera í upphafi „land tækifæra og tækniframfara“ (Harpa R. Kristjánsdóttir, 2018, bls. 29) en orðaforðinn og lýsingar sem höfundurinn notar um allt sem er í kringum parið hljóma samt ömurlega fyrir lesendur sem eru fljótir að skilja hversu ófrjálsir handfrjálsir nútímamenn eru.

ÍSTAR hefur, eins og áður sagði, stjórn á öllu í samfélaginu og allt sem fólk gerir og hugsar er notað til að selja meira. Í LoveStar-kerfi eru menn notaðir sem auglýsingatæki. Þetta er oftast fátækt, skuldsett fólk eða einstaklingar sem eru að reyna að fá afslátt við einhver vörukaup. Auglýsingagalarar (eða galarar) heita þeir og hægt er „að senda auglýsingar gegnum [þá], til annarra, með því að tengja þær við málstöðvarnar og nota munninn sem eins konar hátalara“ (bls. 24). En líka er hægt að finna auglýsingagildirur sem „leigðu [...] ekki aðeins út málstöðvarnar heldur einnig frumstæð líffræðileg og tilfinningaleg viðbrögð“ (bls. 27). Allir geta pantað galara fyrir lítinn pening og hefur LoveStar skipt samfélaginu upp í markhópa svo kerfið virki betur. Laumuhýslar eða njósnarar eru jafnframt notaðir til að ná í upplýsingar um fólk og til að auglýsa á skarpskyggjari hátt.

ÍSTAR gat auðveldlega safnað grófustu grunnupplýsingum um menningarneyslu, sjónvarpsáhorf, útvarpshlustun, matarreikning, tónlistarsmekk, daglegar ferðir, helstu áhugasvið og skoðanir almennings en nánari upplýsingar gátu komið að góðum notum. Hýslar og njósnarar sveigðu samræður sínar að málefnum

fyrirtækis í ímyndarleit en sérfræðingar hjá ÍSTAR fengu að vera fluga á vegg. (bls. 28)

En ÍSTAR hefur ekki bara stjórn á því sem fólk kaupir og horfir á. LoveStar er best þekktur fyrir að hafa fundið leið að hinni sönnu ást jafnvel þótt fyrirtæki hans hafi byrjað með því að nota fuglabylgjur í staðinn fyrir venjulegar bylgjur og bjargað heiminum. Hugmyndin er sú að allir eigi sína einu réttu ást en það er einstaklingur sem er á sömu bylgjulengd og maður sjálfur. LoveStar getur reiknað þá bylgjulengd út, þökk sé inLOVE-kerfinu. Menn og konur bíða þá þangað til þau eru reiknuð með sinni eða sínum rétta. Það að vera í ástarsambandi án þess að vera reiknaður saman við annan aðila er mjög umdeilt. Fáir trúa að hægt sé að finna hina sönnu ást án þess að LoveStar komi til hjálpar.

Hann stjórnar líka lífi og dauða, rétt eins og ástinni. Fólk er sent eða kemur til Öxnadals til „[a]ð láta skjóta sér upp í hápunkt lífsins“ (bls. 67). Það er þá sent úti í geiminn í staðinn fyrir að vera jarðsett. Barneignum er líka stjórnað vegna þess að fólk getur látið klóna börnin sín. Foreldrar geta endurfætt barn nokkrum sinnum ef það deyr eða ef þeir vilja byrja að ala barnið upp á nýtt. Indriði hefur til dæmis „ekki alltaf verið góður strákur. Hann var varaeintak af sjálfum sér sem fæddist fimm árum fyrr“ (bls. 32).

EFTIRSJÁIN er önnur leið sem gefur LoveStar stjórn yfir lífinu. Hægt er að spyrja um hvað hefði gerst ef maður hefði tekið aðrar ákvarðanir en maður tók í raun og kerfið segir þá alltaf að það hefði leitt til dauða. Kerfið eykur þannig sjálfsöryggi hvers og eins og róar fólk en margir kvíða því samt að taka ákvörðun vegna þess að það gæti leitt til dauða. LoveStar hefur líka áhrif á líf dýra og gerbreytir ólíkum dýrum til að gera viðskiptavinum ánægða. Lóur eru ræktaðar í ýktri mynd í verksmiðjum og eru þá á stærð við kalkúna. „LandnámsTófa“ er líka búin til og lifandi Mikki Mús framleiddur til að koma í staðinn fyrir gæludýr.

Indriði og Sigríður verða ekki meðvituð um hversu ömurlegt samfélagið sem þau búa í er fyrr en þau eru reiknuð í sundur. „Fullkomni heimurinn þeirra Indriði og Sigríðar brotnaði eins og skurn [...]. Ástæðan var eitt lítið bréf“ (bls. 89). Þau voru viss um að þau hefðu fundið hið sönnu ást en LoveStar er á öðru máli. Fjölskylda og vinir þeirra treysta kerfinu og eru sammála um að þau geti ekki verið kærustupar nema að þau hafi

verið reiknuð saman. „Mörgum fannst ástin vera Indriða og Sigríðar fjötur um fót, móðir Sigríðar gekk jafnvel svo langt að kalla hana fötlun“ (bls. 53). ÍSTAR áreitir parið eftir að Sigríður neitar að fara norður á land og hitta Per Møller, manninn sem hún var reiknuð með. Indriði missir vinnuna sína, verður galari og LoveStar gerir allt til að skilja þau að. Það er pressa alls staðar í kringum þau og Sigríður ákveður loks að fara norður þar sem hún á að hitta Per. Indriði verður þá mjög þunglyndur og er næstum drepinn af erfðabreyttum úlfí sem ræðst á hann. Allir laumuhýslar samfélagsins fá þá boð um að senda hann í LoveDeath og einn af þeim er Símon.

Símon er gamall vinur Indriða og Sigríðar en tekur samt þátt í að skilja þau að. Hann endar þó á að hjálpa Indriða vegna þess að hann áttar sig á að kerfið er að nota hann. Símon hefur misst allt og alla sem hann elskaði vegna þess að hann hefur verið laumuhýsill og njósnari síðan hann var krakki. Hann er ekki lengur í sambandi við kærustu sína, fjölskyldu eða vini eftir að þau áttuðu sig á að hann var laumuhýsill og þau treysta honum ekki lengur. Hann ákveður að fara norður með Indriða og að „bjarga ástinni“ (bls. 190), í staðinn fyrir að senda hann í LoveDeath. Þetta samræmist næsta skrefi í byggingu dystópíunnar þar sem aðalpersónan snýst á móti kerfinu og finnur bandamenn „sem leiðir til gagngerrar andstöðu við kerfið“ (Harpa R. Kristjánsdóttir, 2018, bls. 12). Að mati Hörpu Rúnar byrjar þetta skref miklu fyrr, þegar Indriði og Sigríður neita að fylgja samfélagsreglum. Þau eru kærustupar og eru viss um að þau hafi fundið hið sönnu ást án hjálpar LoveStars. Harpa Rún segir: „Mótmæli þeirra eru þó friðsöm og virðast ekki hafa áhrif á aðra en þau sjálf. Þegar þau reiknast síðan í sundur stendur Indriði að lokum einn eftir í baráttunni og tvíeflist í örvæntingu sinni“ (Harpa R. Kristjánsdóttir, 2018, bls. 32).

Þeir Indriði og Símon ná ekki að bjarga heiminum undan áhrifum LoveStar en þeim tekst samt að bjarga ástinni. Indriði finnur Sigríði og þau eru saman einu eftirlifendurnir þegar Milljón Stjörnu Hátíð LoveStars leiðir til heimsenda. Valdakerfið hrynur og eyðileggur mest á jörðinni samhliða. Sagan endar samt á von um bjartari framtíð vegna þess að Indriði og Sigríður finna hús undir jökli og fræ sem Sigríður plantar; fræ sem inniheldur allar vonir og óskir mannkynsins. Ástarsaga Indriða og Sigríðar passar að þessu leyti inn í síðasta byggingareinkenni dystópíunnar sem Claeys og Sargent lýsa. En LoveStar inniheldur aðra sögu sem er hliðstæð ástarsögu þeirra.

Í *LoveStar* er líka fjallað um ævi Örvars Árnasonar eða LoveStars sem er forstjóri ÍSTAR fyrirtækisins. Þessi söguþráður fylgir á ólíkan hátt þeirri byggingu og Claeys og Sargent lýsa. Saga LoveStar-samfélagsins er lýst bæði í meginmáli og með tilvitnunum. Til dæmis finnst lesandabréf sem á að vera úr Morgunblaðinu þar sem er fjallað um byggingu skemmtigarða LoveStars (bls. 18).

Örvar var upphaflega einn af vísindamönnum Fugla- og fiðrildadeildar ÍSTARs og fann leið til að mæla hina sönnu ást sem er sama leið og hann notaði til að mæla fuglabylgjurnar. Hann er nú orðinn forstjóri ÍSTARs. LoveStar er samt ekki hamingjusamur maður vegna þess að hann er fórnarlamb hugmynda sinna og þróar LoveStar-völdin vegna þess að hann er ofurseldur framförum. „Hann safnaði heiminum. Það viðurkenndi hann aldrei sjálfur, sagði að heimurinn vildi safnast til sín“ (bls. 75). Á einhvern hátt er hann að gera það ómeðvitað og tekur ekki ábyrgð á afleiðingunum af þessum framförum.

Þegar hann var spurður út í hugmyndir sínar færðist hann undan og sagðist ekki bera ábyrgð á þeim. [...] Það voru hugmyndirnar sem fengu hann. Hugmyndirnar yfirtóku líkama hans og notuðu hann sem hýsil til að koma sér í heiminn [...]. (bls. 81)

Örvar verður meðvitaður um þetta þegar hann sér hvernig Ragnar, forstjóri stemningsviðs LoveDeath, er að verða meira og meira eins og hann. „LoveStar horfði með hryllingi á Ragnar og sá hvernig hann brann“ (bls. 203). Hann hefur líka misst tengsl við fjölskylduna sína vegna þess að hann getur ekki hugsað um neitt annað en hugmyndir sínar þangað til þær verða að veruleika. LoveStar hefur fengið nýja hugmynd: hvert fara óskir og bænir mannkyns? Hann fer þá að leita að næsta skrefi fyrir fyrirtæki sitt og kallar þá hugmynd LoveGuð. Örvar reynir að takmarka þátttöku Ragnars í verkefninu vegna þess að „[e]itthvað stórkostlegt er innan seilingar, við vitum ekki hvað það er en þangað til það gerist ætlum við ekki að taka neinar róttækar ákvarðanir“ (bls. 201). Ragnar er mjög spenntur og getur ekki hugsað um neitt annað en hvað þeir gætu gert ef LoveStar yrði Guð. Hann vill byrja á því að nota hugmyndina án þess að vita nákvæmlega hvort mögulegt sé að ná þessum óskum og bænum og að gera

LoveStar að Guði. Að loknum finnur Örvar út að allar bænir og óskir fara inn í fræ og verða Guð. Nú veit hann allt, sér allt og finnur fyrir öllu.

Þegar Örvar verður Guð breytist sjónarhorn hans vegna þess að hann veit hvað mun gerast í framtíðinni. Til að bjarga heiminum snýr hann sér að einhverju leyti gegn kerfinu sem hann hefur byggt sjálfur. Á mótsagnakenndan hátt verður hann mannlegri en áður þegar hann verður Guð. Hann biður til Guðs: „Góði Guð, ekki láta fræið deyja“ (bls. 266) en það virkar ekki vegna þess að hann er sjálfur orðinn Guð og þarf að biðja til LoveStars svo það virki. Hann hefur stuðning Fugla- og fiðrildadeildar sem, eins og hann, er ekki að keppa að því að fá meiri peninga eða völd heldur er skipuð vísindamönnum sem vilja sjá hugmyndir blómstra. LoveStar vill verja fræið og heiminn en nær samt ekki að stoppa eyðilegginguna sem er af völdum ÍSTARS.

Í lok sögunnar deyr Örvar, eins og flestir aðrir, en bjargar fræinu sem Sigríður finnur og fær með því sinn hetjulega hápunkt. Þessi hluti sögunnar endar þá og, eins og ástarsaga Indriða og Sigríðar, á von um bjartari framtíð þar sem fræinu sem inniheldur allar bænir og óskir verður plantað og mun væntanlega blómstra í nýjum heimi. „Fræ verður skógur“ (bls. 275).

Að einhverju leyti fylgir saga Örvars byggingareinkennum dystópíunnar líka, jafnvel þótt hann snúist gegn sínu eigin kerfi þegar hann verður meðvitaður um afleiðingarnar. Hann er samt ekki eins virkur í andstöðunni og Indriði og líf hans endar ekki á sigri. Vonir hans verða samt kannski að veruleika með tíð og tíma því að fræið og framtíðin eru nú í höndum Indriða og Sigríðar.

LoveStar passar inn í þá skilgreiningu Claeys og Sargents að dystópía sé „útópía sem höfundur ætlast til þess að samtímalesendur sjái sem mynd af mun verra samfélagi en því sem þeir búa í“ (Harpa R. Kristjánsdóttir, 2018, bls. 9). Andri Snær býr þó til miklu verri mynd af samfélagi okkar í byrjun bókarinnar þar sem mannkynið er í hættu vegna ójafnvægis náttúrunnar og lesendur eiga nú á dögum auðvelt með að ímynda sér að þetta geti orðið að veruleika í náinni framtíð. Eftir þessarar lýsingar virðist nýja samfélagið, sem LoveStar hefur byggt, vera miklu betra en samfélagið sem við búum í vegna þess að hann hefur fundið leið til að bjarga náttúrunni frá umhverfisvandamálum og sérstaklega að bjarga mannkyninu frá afleiðingum mengunar. Þetta er útópía í huga lesenda. En smám saman uppgötva þeir hversu slæmt og ófrjálst þetta samfélag er.

Samkvæmt skilgreiningu Gordin, Tilley og Prakash er dystópía útópía sem hefur farið út af sporinu og *LoveStar* passar vel inn í þá skilgreiningu. *LoveStar*-samfélagið getur talist vera útópía sem var sköpuð til að bjarga heiminum þegar bylgjurnar eyðilögðu jafnvægi náttúrunnar. Saga Fugla- og fiðrildadeildarinnar gæti einnig borið keim af einhvers konar dystopíu vegna þess að deildin varð meðvituð um umhverfisvandamálin sem gamla samfélagið ól af sér og reyndi að leysa þau. ÍSTAR er þá að einhverju leyti komið á fót til að vernda náttúruna og finna nýjar leiðir til að lifa. Fugla- og fiðrildadeildin endurreisir jafnvægi náttúrunnar og frelsar menn frá leiðslum og snúrum. Allt sem *LoveStar* býður upp á skal vera hreint (eins og orkan sem er notuð til hins hreinlega dauða í *LoveDeath*), einfalt og í samræmi við hina vísindalegu sönnuðu leið. Í þessari sögu tekst mönnum að sigra gamla dystópíska samfélagið og bjarga umhverfinu. Nýja samfélagið sem er búið til er samt ekki fullkomið og fer út af sporinu.

Mögulegt væri líka að kalla útopíu *LoveStars* „vistopíu“ (en. „ecotopia“). Samkvæmt Krishan Kumar getur „vistopían“ verið mynd af framtíð mannkynsins sem flýr banvænar afleiðingar sem stafa af eyðingu náttúruauðlinda og mengun (Deléage, 2008). Helga Birgisdóttir hefur einmitt skrifað MA-ritgerð við Háskóla Íslands þar sem hún beitir vistrýni til að greina verk Andra Snæs. Hún skrifar þar sérstakan kafla um *LoveStar* en einnig um *Söguna af bláa hnettinum* og *Draumalandið: Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð*. Helga bendir á þróunina í verkum Andra Snæs, sem spanna allt frá skáldaðri barnabók til skáldsögu fyrir fullorðna og heimildaverks, en flytja þó öll svipuð skilaboð. Hún segir að grundvallarforsendur vistrýni séu „að líta á að menning mannsins sé tengd náttúrulegu umhverfi, mennirnir hafi áhrif á náttúruna og hún hafi áhrif á þá“ (Helga Birgisdóttir, 2007, bls. 19). *LoveStar* byggir einmitt ÍSTAR í kringum hugmyndir sem miða að því að bjarga heiminum og sérstaklega mannkyninu frá bylgjumengun. Náttúran snýr sér gegn mannkyninu og þá byrja menn að hugsa um umhverfi sitt og búa til vistopíu. Aðrir bókmenntafræðingar hafa samt oft séð vistopíuna sem ógnvænlegt fyrirbrigði vegna stjórnsemi yfirvalda (gerð er krafa um að allir gangi í takt) sem leiðir jafnvel vistfasisma (Deléage, 2008).

Útópía hefur einmitt oft ófrelsi í för með sér. Brautryðjandi útópískra bókmennta, Thomas More, benti á að útópían „nær fram jafnrétti með því að setja hömlur á frelsið,

en án þess að hafa kúgun eða duttlungafullt vald að markmiði“ (Deléage, 2008, bls. 34). Aðalmarkmið LoveStars er einmitt að bjarga mannkyninu og að viðhalda friði í heiminum með inLOVE-kerfinu. Hugmyndin er til dæmis sú að ef einstaklingar eru reiknaðir saman við erlent fólk og geti þar með orðið hamingjusamir þá sé engin ástæða til að fara í stríð. En fólk hefur samt ekki lengur frelsi.

„LoveStar hefði sagt að Indriði og Sigríður væru með síðustu fórnarlömbum frelsisins. Þeim var nær, þau hefðu átt að haga sér vísindalega og bíða síns tíma“ (bls. 99). Hér notar Andri Snær ástarsögu Indriða og Sigríðar sem tákni rómantíkurinnar. Rómantíkin leggur oft áherslu á mannlegt frelsi og þetta frelsi finnst í ástarsambandi þeirra sem er einhvers konar mótmæli gegn LoveStar-völdunum og kerfinu. Þau sýna okkur mikilvægi þess að treysta á eðlisávisunina og tilfinningar sem geta verið miklu áreiðanlegri en tæknin. Þau voru viss um að hafa fundið hina sönnu ást í hvort öðru og það var rétt hjá þeim, sama hvað LoveStar kerfið sagði. Þau skötu hjú leggja grunn að framtíð jarðarinnar í lok bókarinnar þegar þau planta fræinu, framtíð sem verður í samræmi við hugsjónir þeirra. Indriði og Sigríður vilja lífa einföldu lífi, líf á forsendum jökulvatns og ástar, eins og þau lifðu í byrjun sögunnar.

Þegar líf þeirra Indriði og Sigríðar var sætt eins og hunang vöknudu þau í morgunsólinni eins og klístruð saman með hunangi. (bls. 50)

Líf Indriða og Sigríðar hafði verið dans á hunangsrósum í rúmlega fimm ár. (bls. 57)

„Indriði [er] hugsandi maður“ (bls. 107) og hann treystir meira á tilfinningar sínar en það sem tæknin segir. Hann er að einhverju leyti dæmigerður rómantískur maður sem sýnir að það eru leiðir til að sleppa út úr kerfinu og breyta því.

Í stuttu máli er *LoveStar* einhvers konar dæmigerð dystópía sem inniheldur dæmigerða baráttu milli náttúru og tækni en inniheldur líka ástarsögu ungra einstaklinga sem höfða til samúðar lesandans. Sagan hefur helstu byggingareinkenni dystopíunnar og passar við fræðilegar skilgreiningar á bókmenntagreininni. Bókin hefur samt ekki bara verið flokkuð sem dystópía.

3. eru bókmenntagreinir tímabundnar?

Í tilefni af útgáfu ensku þýðingarinnar *LoveStar*, tíu árum eftir útkomu bókarinnar hér á landi, sagði Andri Snær í viðtali við Reykjavík Grapevine, að *LoveStar* sem hafi fyrst verið greind sem dystópía en síðan í vaxandi mæli verið túlkuð sem paródía. Þýðir það þá að bók sem er byggð upp eins og dæmigerð dystópía geti líka verið paródía? Harpa Rún Kristjánsdóttir hefur bent á erfiðleika við greiningu bókarinnar þar sem hún segir: „Yfir sögunni liggur töluvert greinaþoka, en hún getur til dæmis flokkast sem vísindaskáldsaga, fantasía og jafnvel ástarsaga, svo eitthvað sé nefnt” (Harpa R. Kristjánsdóttir, 2018, bls. 29). Í ritgerð sinni einbeitir hún sér samt bara að sögunni sem dystopíu og ástarsögu.

3.1. Sveigjanleiki bókmenntagreina

Eitt af því sem gerir manni erfitt fyrir að flokka *LoveStar* út frá bókmenntagreinum er að einkenni og reglur bókmenntagreina geta verið misjafnlega mörg og nákvæm. Erfitt er líka að finna skrif um bókmenntagreinar á íslensku og þess vegna leitaði ég einnig að upplýsingum á frönsku sem er móðurmálið mitt. Jorge Luis Borges, Umberto Eco og Gérard Genette eru meðal þeirra sem hafa skoðað málið.

Argentínska skáldið Borges hefur til dæmis skrifað merka grein, „Reglur um frásögn glæpasagna“ (1933), þar sem hann efast um tilveru bókmenntagreina. Í greininni segir hann að „bókmenntagreinar eru kannski minna háðar bókmenntaverkum en lestri textana“ (Baroni, 2003, bls. 141). Samkvæmt skilgreiningu Borgesar er skýrt að bókmenntagreinar eru ekki fasttengdar við texta heldur eru háðar lesendum sem geta haft mismunandi viðbrögð við textanum. Fyrir Borges eru bækur bara til þegar lesendur opna þær og þetta tengist táknfræðilegri nálgun (e. „semiotic approach“) ítalska táknfræðingsins og skáldsins Umberto Ecos.

Jafnvel þótt bókmenntagreinar séu óhlutstæðir flokkar sem ná að taka saman tengslin á milli mismunandi bókmenntaverka, eru þeir fyrst og fremst merkingartækni sem eru háð upplifun lesenda við lestur; ekki ákveðin heild af einkennum sem tilheyra ákveðnum textahópum. (Baroni, 2003, bls. 141-142)

Textarnir sjálfir skipta sér ekki sjálfkrafa í flokka, það eru höfundar og lesendur sem hafa úrslitaáhrif á flokkun verka.

Franski frásagnafræðingurinn Gérard Genette er sammála Borges og Eco og honum finnst ómögulegt að flokka bókmenntaverk bara samkvæmt textanum. Honum finnst að það séu lesendurnir sem hafa mest áhrif á bókmenntagreinar en hann bendir samt á að bókmenntagreinar hafi líka áhrif á lesturinn (Baroni, 2003, bls. 142). Þegar lesendur opna skáldsögu sem er skilgreind til dæmis sem dystópía er lestri þeirra stjórnað inn á einhverskonar leið. Þeir lesa þá með væntingar sem eru háðar hugmynd sem þeir hafa um hvernig dystópía á að vera. Við, sem lesendur, höfum flest einhverskonar þekkingu á bókmenntagreinum sem er byggð á bókunum sem við erum búnir að lesa og menningarlegum bakgrunni okkar.

Samkvæmt þessu getum við sagt að lesendur og bókmenntagreinar hafi áhrif á hvort annað. Lesendur eru þeir sem flokka verk en flokkun verka hefur líka áhrif á viðtökur lesenda. Erfitt er þá að flokka bók í eitt skipti fyrir öll inn í bókmenntagrein. Ef bókmenntagreinar eru háðar lesendum og menningarlegum heimum þeirra getum við, sem lesendur, flokkað verk eins og við viljum. Lesendur muna þá flokka verk í samræmi við menningarlega reynslu sína, einkenni bóka sem þeir eru búnir að lesa og þekkingu sem þeir búa yfir á bókmenntagreinum. Þá er rökrétt að mínu mati, að bókmenntagrein geti þróast með tímanum vegna breytinga og kringumstæðna sem hafa áhrif á menningarheiminn og skynjun lesenda. Bókmenntagreinar geta líka verið ólíkar í mismunandi löndum þar sem bókmenntamenningin er ekki sú sama.

3.2. LoveStar sem paródía

Ef bókmenntagreinar eru sveigjanlegar og bækur geta tilheyrt mismunandi bókmenntagreinum á sama tíma, eða færst milli mismunandi bókmenntagreina með tímanum, þá getur *LoveStar* mögulega verið paródía. En hvað er paródía og hvað gerir *LoveStar* að paródíu? Í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði* segir svo:

Skopstæling:

Á erlendum málum er venjulega greint á milli tveggja tegunda:

- 1) Paródía: eftirlíking á alvarlegu skáldverki eða bókmenntagrein, gerð til þess að gera fyrir-myndina hlægilega eða í gagnrýnisskyni. Formi fyrirmyndarinnar er haldið en inntakinu breytt, þannig að í stað alvarlegs eða hátíðlegs efnis koma hversdagslegir og ómerkilegir viðburðir sem eru í kómísku misræmi við hátíðleika eða uppþembdan stíl. Oft er nauðsynlegt að þekkja fyrirmyndina til þess að s. njóti sín til fulls, en þó eru þess dæmi að s. hafa orðið langlífur fyrir eigin verðleika. (Jakob Benediktsson, 1983/2008, bls. 251-252)

LoveStar gæti mögulega verið paródía af dystópiunni vegna þess að sagan hefur dæmigerða byggingu dystópiunnar og fylgir byggingarreglum bókmenntagreinarinnar út í ystu æsar. Formið er mjög dæmigert en inntakið er samt fjarstæðukennt. Í skáldsögunni notar höfundinn mikið húmor og útfærir hugmyndir með afar öfgafullum hætti, rétt eins og *LoveStar* gerir í sögunni. Erfitt er þá að taka söguna alvarlega vegna þess að sum atriði eru sérstaklega fáránleg. Maðurinn sem Sigríður er reiknuð með er til dæmis ömurlegur einstaklingur frá Danmörku. Hér kemur fram dæmigerð togstreita milli Danmerkur og Íslands og slæmir siðir hans eru svo ýktir að ástandið verður hlálegt.

Hann var fullur af sjálfsöryggi eftir fimmta bjórin og gekk beint af Sigríði, ræskti sig og sagði:

-Skal vi gå ind i værelset? Jeg har ventet so long efter min eneste ene og nu er jeg så ganske...

Hann gaf til kynna með handahreyfingum í hvað hann var ganske. Hann myndaði hring úr þumalfingri og vísifingri vinstri handar og stakk löngutöng hægri handar í gatið og færði hana fram og aftur. Sigríður horfði á hann og flissaði, hélt að hann væri að grínast en það var hann aldeilis ekki. (bls. 248)

Erfitt er að taka söguna alvarlega þegar maður, sem á að vera fullkominn, verður svona dónalegur.

Annað dæmi um fáránlegt atriði er að hægt sé að skipta gæludýrum út fyrir teiknimyndapersónur með því að vekja Mikka Mús til lífs. Tilraunir til að gera það virka samt ekki og vísindamennirnir enda með einhverskonar skrímsli sem líta út eins og Mikka Mús en eru hættuleg mönnum.

En *LoveStar* gæti líka verið paródía fleiri bókmenntagreina eða skáldverka vegna þess að vísað er í mismunandi atriði úr íslenskri bókmenntasögu í sögunni. Indriði og Sigríður eru til dæmis nöfn aðalpersóna í rómantísku skáldsögunni *Piltur og stúlka* eftir

Jón Thoroddsen, eins og fram kom í viðtali við Andra Snæ í Morgunblaðinu við útgáfu bókarinnar. Þar segir Andri Snær „hugmyndina upphaflega hafa verið að ramma inn tímabil í bókmenntasögunni og láta LoveStar vera síðustu íslensku skáldsöguna“ (Morgunblaðið, 2002). Þess vegna valdi hann nöfn úr fyrstu íslensku skáldsögunni fyrir aðalpersónur sínar. Áhugavert er að höfundinn reynir að ná tökum á ólíkum bókmenntagreinum en það gæti verið merki um að hann sé að gera grín af eðli bókmenntagreina.

Rómantíkin er sérstaklega nálæg í sögunni og að einhverju leyti gerir Andri Snær grín að henni, enda er hún einkum notuð til að auka stemninguna. Oft er vísað til Jónasar Hallgrímssonar og gert er grín að ímynd hans með því stærsti skemmtistaður í heimi er byggður á æskulóðum hans. Ferðamenn koma til Íslands til að sjá lóu en bara lóu eins og þeir ímynduðu sér hana eftir að hafa lesið ljóð Jónasar, „eins og hún hlaut að hafa litið út í augum skáldsins“ (bls. 56). Lokakafli bókarinnar heitir raunar „Ferðalok“ (bls. 271), eins og eitt frægasta ljóð Jónasar. Rómantíkin missir fegurð sína þegar hún er notuð til að skemmta fólki. Lóan er framleidd í verksmiðju, elsta þing heims hefur breyst í veitingahús sem heitir The Thing og risastór frelsisstytta af Jóni Sigurðssyni er byggð. Þegar Andri Snær var spurður um hvort *LoveStar* markaði endalok rómantíkurinnar svaraði hann:

Það er hart sótt að rómantíkinni vegna þess að skynsemin og tölfræðin vilja taka völdin; rómantíkin er bara spurning um smekk og smekkur er bara spurning um val milli pepsí og kóks vegna þess að ekkert hefur gildi í sjálfu sér. Fagurfræðin er að láta undan og hið sama virðist gilda um hið fínlega og veika í samfélaginu. Þetta er hættulegt því það sem kemur í staðinn er meiri grimmd. (Morgunblaðið, 2002)

Höfundurinn gerir einnig grín að fjölmiðlum þar sem hann býr til paródíur af mismunandi gerðum. Í bókinni birtist til dæmis lesendabréf úr Morgunblaðinu þar sem skrifað er gegn byggingu skemmtigarðs LoveStars í Öxnadal. Hann gerir grín að fjölmiðlafólki þegar fjallað er um heimsókn blaðakonu frá þýska dagblaðinu Spiegel til Fugla- og fiðrildadeildar. Vitnað er í hina „óopinberu sögu fyrirtækisins: *Vogelmenschen* eftir Andreas Vollmer“ (bls. 15). Blaðamenn sem heimsækja deildina eru of forvitnir og snerta dót sem vísindamennirnir eru að vinna við. Það eru tveir heimar sem hittast og

vísindamennirnir sem virðast vera skrítnir bregðast stundum við með ofbeldi. Blaðakona snertir til dæmis egg sem Jamaguchi er að vinna við og sú síðarnefnda endar á að skrækja og stinga konuna með blýanti (bls. 16).

Falskar fréttir koma líka við sögu þegar rithöfundur heimsækir LoveStar og les brot úr ævisögu þess síðarnefnda sem hann er að skrifa. Sagan er full af fölskum upplýsingum um líf og ævi Örvars. LoveStar sjálfum finnst ótrúlegt að höfundurinn skuli breyta fæðingardegi hans til að tengja hann við stærri viðburði. „Það er eitthvað nýtt. Ég vissi ekki einu sinni að ég hefði fæðst þennan dag“ (bls. 84). En mesta þversögnin er að Örvar vill fá höfund til að skrifa ævisögu hans án þess að „tala við æskuvini og skólafélaga“ (bls. 86). Höfundurinn „má ekki nota gamlar myndir eða minnst á neitt sem gæti flokkast sem viðskiptaleyndarmál, [...] má ekki vita af hvaða tilefni Milljón Stjörnu Hátíðin er haldin“ (bls. 86). Höfundurinn verður mjög pirraður: „Þú bannar mér að skrifa um foreldra þína, ekki orð um syni þína, dótturina og ekkert um Helgu. Ég má ekki einu sinni segja hvað þú heitir réttu nafni! UM HVAÐ Í ANDSKOTANUM Á MAÐUR AÐ SKRIFA?“ (bls. 86).

En það er ekki bara gert grín að alvarlegum skáldverkum eða bókmenntagreinum heldur líka að samfélaginu. *LoveStar* inniheldur mikilvæg skilaboð og að mínu mati er sagan af þessum ástæðum líka satíra en ekki bara paródía. Oft eru þessum tveimur bókmenntagreinum ruglað saman.

3.3. *LoveStar* sem satíra

Satíra, öðru nafni háðsádeila, er samkvæmt *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði*:

ádeiluskáldskapur sem beinist gegn einstaklingum, ákveðnum manngerðum, þjóðfélagslegum, trúarlegum eða bókmenntalegum fyrirbærum. Markmið s. er að afhjúpa heimsku og hégómleika og fletta ofan af spillingu og mannvonsku með því að draga dár að þeim og hafa þau háði og spotti. Ádeilan getur verið misjafnlega bein og sveiflast milli meinlítillar skopmyndar og beiskustu árásar. Í satírum er beitt margvíslegustu aðferðum: fyndni, spéskaþ, íróníu, kaldhæðni og spotti, en skemmtun er ekki markmið í sjálfri sér, heldur verður hún á kostnað þess sem á er ráðist. S. hefur verið beitt í öllum bókmenntagreinum, í bundnu máli og óbundnu, í skáldsögum og leikritum; hún getur komið fram í einstökum þáttum verka sem ekki eru s. í heild sinni. (Jakob Benediktsson, 1983/2008, bls. 235-236)

Satíra og paródía eiga sameiginlegt að beita húmor en í satíru þjónar húmor alvarlegri tilgangi þar sem paródía er ekki alvarleg og miðar fyrst og fremst að því að draga dár að bókmenntagrein eða skáldverki. Í satírum nota höfundarnir húmor öðru fremur til að gagnrýna samfélagið.

Marcel Pagnol, sem var franskur höfundur, leikritaskáld og kvikmyndagerðarmaður, sagði í greininni „Minnisgrein um hlátur“ (fr. „Notes sur le rire“) árið 1947: „að hlæja er sigursöngur: tjáning yfirburða yfir þeim sem eru gerðir að athlægi“ (Czigányik, 2004, bls. 307). Hugmyndin er sú að höfundur noti íróníu til að gera grín af samfélaginu, hópum eða einstaklingum. Hann sýnir að hann og lesendur vita betur en hinir og þetta gerist oft í satírum. Það væri ekki óvænt ef Andri Snær væri að gagnrýna samfélagið í gegnum skáldsöguna. Hann er einmitt þekktur fyrir sínar pólitísku skoðanir og verk sín sem umhverfisaðgerðarsinni. Bók hans *Draumalandið* og heimildarmynd með sama nafni fjalla um umhverfisvernd og um álver á Íslandi. Í nýjustu bókinni sinni, *Um tímann og vatnið* sem kom út á liðnu ári, fjallar hann um loftslagsbreytingar og sérstaklega um grundvallarbreytingar varðandi eðli vatns á jörðinni sem verða í framtíðinni (Andri S. Magnason, 2019).

Hann hefur líka skipulagt og tekið þátt í formlegri athöfn til að kveðja Okjökull sem „er fyrstur íslenskra jökla til að hverfa á tímum loftslagsbreytinga“ (Morgunblaðið, 2019).

Andri sýndi einnig áhuga sinn á stjórnámálum þegar hann bauð sig fram í forsetakosningum árið 2016 (Morgunblaðið, 2016). Hann hefur enn fremur verið gagnrýndur vegna þess að hann gagnrýnir kapítalismann í verkum sínum en notar samt kapítalískar leiðir til að selja bækur, eins og til dæmis þegar hann gaf *Bónusljóðin* út í samstarfi við matvörubúðina Bónus (O'Brien, 2015). Magnús Þór Snæbjörnsson þælir sérstaklega í áhrifum þeim sem bókin *Draumalandið* hafði í samfélaginu (Magnús Þ. Snæbjörnsson, 2007). Andri Snær Magnason er með öðrum orðum aðgerðarsinnaður höfundur og því eðlilegt að hugsa um *LoveStar* sem gagnrýni á samfélagið og þar með sem satíra.

LoveStar hefur oft verið talin dystópía og dystópiur þjóna oft gagnrýnu pólitísku hlutverki, eins og bent er á í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði*. „Á 20. öld er sú tegund af útópíum algengust, þar sem dregin er upp mynd af þjóðfélagi framtíðar til

viðvörðunar gegn samtímaþróun; slíkar sögur hafa stundum verið kallaðar and-útópíur“ (Jakob Benediktsson, 1983/2008, bls. 295). Þess vegna er ekki útilokað að *LoveStar* hafi verið gagnrýni á eða viðvörðun við samtímaþróun sem hagvöxtur Íslands í byrjun 21. aldar hafði í för með sér. Bókin kom út árið 2002 en á þeim tíma voru miklar og hraðar breytingar á Íslandi. Það þróaðist frá því að vera eitt af fátækustu löndum heimsins í upphafi 20. aldar í eitt það ríkasta í upphafi 21. aldar. Mikil breyting varð á tíunda áratugnum. Upp úr 1990 fór fjármálakerfi Íslands, að sögn Gunnars Karlssonar, „að vinna eins og í hverju öðru kapítalísku samfélagi“.

Umsvif íslensku bankanna námu margfaldri landsframleiðslu Íslendinga. Þetta var kallað útrás, og sumir fóru að tala um að það lægi í eðli Íslendinga að kunna að sækja auð til útlanda, það væri arfur frá víkingum sem hefðu byggt Ísland á landnámsöld. (Gunnar Karlsson, 2000/2013, bls. 68)

LoveStar endurspeglar þetta kapítalíska samfélag á ýktan hátt og gerir grín af því. Allt sem við þekkjum nú á dögum er tekið á næsta stigi, nýtt til hámarks eins og hugmyndir LoveStars sem virðast vera fáránlegar en bergmála ótta margra í okkar samfélagi. Augljóst er að höfundurinn varar lensendur við framförum. Lesendur verða meðvitaðir um hversu slæmur heimurinn gæti orðið ef mannkynið heldur áfram að nytja náttúruna, láta tæknina hafa eftirlit með öllu í samfélaginu og að elta nýjungar sem þjóna ekki mannkyninu í raun og veru.

Með *LoveStar* vekur Andri Snær líka upp spurningar um ábyrgð vísindamanna. *LoveStar* sem vísindamaður finnur leiðir til að leysa vandamál í heimi sem hefur misst jafnvægi sitt en festist í vítahring þar sem hann tekur ekki ábyrgð á afleiðingum þess að fylgja hugmyndum sínum eftir og nýta allar hugmyndir vegna þess að „ef við gerum það ekki gerir einhver annar það“ (bls. 197). Lesendur byrja þá að þæla í hvort þá vanti lausnirnar sem vísindamennirnir koma upp með og um hversu mikilvægar þessar framfarir eru miðað við afleiðingarnar sem þær hafa á umhverfi og frelsi almennings. Þjóna þessar framfarir heiminum eða eru þær bara hugmyndir sem þurfa að verða að veruleika, bara fyrir menn sem vilja vera fyrstir til að gera eitthvað nýtt? Þetta eru spurningar sem koma oft upp í nútímasamfélagi okkar þar sem vísindamenn eyða tíma og peningum í að stuðla að „framförum“. Til dæmis er miklu þúðri eytt í að hanna þyrlu

sem getur flogið á Mars (NASA Science, 2020) en mögulegt væri að eyða þessum tímar og fjármunum í að finna lausnir fyrir mikilvægari vandamál, eins og til dæmis að binda enda á hungur í heiminum eða hægja á hlýnun jarðarinnar.

En í *LoveStar* eru ekki bara afleiðingar af vísindalegum framförum gagnrýndar. Aðalgagnrýni höfundar beinist að vísindaframförum sem þjóna kapítalískum tilgang og afleiðingum þeirra. Í sögunni lýsir Andri Snær samfélagi þar sem hægt er að selja allt. Kerfið byggist ekki bara upp á vörum og þjónustu. Hægt er að skipta á öllu fyrir peninga og afslætti, eins og upplýsingarnar sem laumuhýslarnir safna um fólk eru dæmi um. Kapítalismanum gæti verið lýst á jákvæðan hátt en alveg frá byrjun sögunnar gerir höfundur ljóst að kapítalisminn sé neikvætt afl vegna þess að afleiðingar hans eru oftast neikvæðar og sjónarhornið sérstaklega niðurlægjandi, eins og til dæmis þegar dauðalyktin ber gælunafnið „peningalykt“.

Á fyrstu árunum var vöxturinn ógnarhraður og oft var handagangur í öskjunni. Stundum brást kælibúnaður flutningaskipanna og hrikaleg lykt gaus upp þegar lestarnar voru opnaðar. Þá héldu allir fyrir nefið en í hafnarbæjum voru menn vanir þessu og kölluðu peningalykt og í verstu tilfellum endaði farmurinn í gúanó en ÍSTAR gætti þess vandlega að það spyrðist ekki út. (bls. 72)

Kerfið er hliðstætt kerfinu í okkar samfélagi, í lýsingum sögunnar er eitthvað sem við þekkjum í breyttri mynd en það endurspeglar samt neyslusamfélagið sem einkennir kapítalískan veruleika. Í bókinni er einnig gert grín að ferðamannaíðnaðinum sem nýttar náttúru og sögu landsins. Lóan, þjóðarfuglinn, verður á stærð við kalkún. Í ensku þýðingunni á *LoveStar*, sem kom út árið 2012, er lóan reyndar orðin að lunda vegna vinsælda fuglsins hjá ferðamönnum á Íslandi síðustu árin (Andri S. Magnason, 2012).

Enska er mikið notuð í sögunni, eins og af mörgum íslenskum stórfyrirtækjum á síðari árum. Allt í *LoveStar*-ríkinu heitir Love-eitthvað eins og hjá McDonald's. Lukkudýrið Lalli LoveDeath gæti líka verið hliðstætt við persónu Ronalds McDonald. Hún er „eiturhress kanína í geimfarabúningi og dagur með henni fleytti börnunum yfir áfallið sem dauðinn var“ (bls. 61). Börn vilja að fjölskyldumeðlimir fari í LoveDeath til að hitta Lalla LoveDeath og skemmta sér og er þetta svolítið fáránlegt.

Það tókst reyndar svo vel að börnum fannst fátt meira spennandi en LoveDeath: „Langamma! Hvenær ferð þú í LoveDeath?“ hafði frænka Sigríðar spurt Kristólinu síðustu árin. „Vinkona mín er heppin. Hún hefur hitt Lalla LoveDeath fjórum sinnum. (bls. 61)

ÍSTAR hljómar einnig sérstaklega líkt og „Icesave“ en það eru innlánsreikningarnir sem léku stórt hlutverk í bankahruninu árið 2008, jafnvel þótt sagan kæmi út sex árum fyrr (Gunnar Karlsson, 2000/2013, bls. 69).

Merki um að LoveStar samfélagið sé hliðstætt samfélagi okkar koma meðal annars fram þegar fjallað er um Pamelu Anderson og gert er grín að lýtalækningum.

Í Hollywood var LoveDeath næsta skrefið þegar lýtalæknirinn játaði sig sigraðan og sagðist ekki geta lagað hrukkurnar, augnpökana, æðahnútana, appelsínuhúðina og lafbrjóstin, leiðin lægi aðeins niður á við og nú væri rétta tækifærið: Að láta skjóta sér upp í hápunkt lífsins, gangast undir LoveDeath. Hina endanlegu fitubrennslu. (bls.67)

Lýst er hvernig „Pam An“ (bls. 69) verður send upp í geiminn og birtist í himninum. Fyrst brennur hylkið sem líkið er í en „að lokum líkaminn sjálfur í sínum náttúrulega sólhvíta loga þar til tveir sílikonpúðar springa eins og tívolíbombur“ (bls. 69). Frægt og ríkt fólk er fyrst til að njóta framfara LoveDeath. Auk Pamelu verður Bretadrottning, Elísabet II, meðal þeirra fyrstu sem verður skotið upp í geiminn og Michael Jackson mun verða sendur þangað líka. Þetta er eitthvað sem er kunnuglegt í huga lesanda; ríkt fólk hefur miklu betri tækifæri til að njóta framfara en almennigur og upplifun þess er einnig notuð til að auglýsa viðkomandi vörur og þjónustu.

Auglýsingarkerfi LoveStars er ekki mjög langt frá því sem er til í samtímanum, í heimi áhrifavalda á Instagram og YouTube sem auglýsa allskonar vörur. Auglýsingar eru allt í kringum okkur, í sjónvarpi, á netinu og á götunni. Fyrirtæki eru alltaf að leita að nýjum leiðum til að auglýsa og vitað er að nú á dögum er hægt að ná í upplýsingar um að hverju notendur eru að leita á netinu, í snjallsímum og í tölvum. Næði og öryggi hafa fengið nýja merkingu og hafa verið í kjarna umræðna um stafrænt eftirlit. Í *LoveStar* má finna ýkta útgáfu af stefnumótasiðum, þegar inLOVE fer að sýna hvernig ástin á að líta út með því að reikna fólk saman. Snjallsímum, sem við notum nú á dögum, er skipt út fyrir tengdar linsur sem taka enn meira pláss í lífi notenda.

Þegar menn í jakkafötum töluðu við sjálfa sig úti á götu og þuldu upp vísitölur mátti ekki taka þá fyrir vitfirringa, líklegast voru þeir að ræða við einhvern fjarstaddan um viðskipti. Maðurinn sem sat einbeittur við árbakka og virtist gera Müllersæfingar gat verið verkfræðingur að hanna brú. Þegar kona í sólbaði sagðist upp úr þurru vilja kaupa tveggja tonna ufsakvóta þurftu nærstaddir ekki taka það til sín og þegar unglíngur sönglaði undarlega í strætó og rokkaði hausnum til og frá var ekki víst að hann væri hrjáður af alvarlegri einhverfu, líklega var hann að hlusta á ósýnilegan útvarp. [...] Það voru engin takmörk fyrir dónaskapnum sem flæddi gegnum sí tengdan hausinn á sumum en það var auðvitað ekki hægt að banna mönnum að fylla eigin haus af dónaskap, ofbeldi og ógeði. Það hefði allt eins mátt banna hugsanir. (bls. 22)

Árekstur mannanna og tækninnar er þema sem finnst mjög oft í dystópíum og er mjög nærtækt í *LoveStar*. Í sögunni er áberandi að menn ánetjast tækninni. Margir hugsa ekki lengur fyrir sjálfa sig, meðal annars vegna EFTIRSJÁRINNAR sem „kom [...] til bjargar og hreinsaði upp fortíðina“ (bls. 43). En fólk verður fast í tímann og hrætt við að taka rangar ákvarðanir sem muni leiða til dauðar.

Kerfið skapar þarfir og óskir manna í gegnum auglýsingarkerfið þar sem laumuhýslar eða galarar hvísla eða öskra um hvað mann vantar næst. Fólk er hætt að treysta á tilfinningar sínar og hyggjuvit og treystir *LoveStar* til að hugsa og finna út úr málum fyrir það. Þetta endurspeglar samfélag okkar þar sem auglýsingar eru allt í kringum okkur og þar sem fólk trúir áhrifavöldum og öllu sem er sagt á sjónvarpi. Indriði er útmálaður sem andstæðingur vegna þess að hann trúir á ástina og á tilfinningar sínar í garð Sigríðar meira en á kerfið. Tækni finnst alls staðar í *LoveStar* samfélaginu, rétt eins og í samfélagi okkar, þar sem tæknin gerir meira og meira fyrir mann og allir eru tengdir gegnum netið.

Sagan gagnrýnir þetta kerfi á hæðnislegan hátt með því að sýna að tæknin er ekki óskeikul. Trúverðugleiki kerfisins laskast vegna fáránlegra villna og bilana. Til dæmis gerir inLOVE fólk svo glatt að það kaupir ekki neitt lengur sem er ekki hagnýtt fyrir viðskipti og kaupsýslu. Kerfið sjálft er líka ósjálfstætt og þarf menn til að stýra sér. Þetta gerir kerfið viðkvæmara því það gefur einstaklingum aðgang og stjórn á einkalífi annarra einstaklinga. Per Møller nær til dæmis að brjótast inn í inLOVE-kerfið og að falska að Sigríður sé hans eina rétta. Hann nær einnig að senda skilaboð til allra laumuhýsla um nýja keppni með peningaverðlaunum. Markmiðið er að senda Indriða í *LoveDeath*. Þegar tölvufræðingarnir finna út að kerfið hefur verið hakkað ákveða þeir

að þegja svo þeim verði ekki kennt um mistökin. Þetta sýnir okkur að það eru alltaf vandamál sem tæknin getur ekki leyst og þetta á einnig við um sjálft lífið. Það skiptir ekki máli hversu mikið menn reyna að breyta náttúrunni, tæknin getur ekki skapað lífið.

Maðurinn gat skapað allt nema lífið.
Það var vísindalega sannað.
Maðurinn gat deytt líf og eytt lífi og breytt lífi
hann gat ræktað líf, fjölgað lífi og kveikt líf af lífi
en ekki skapað líf og alls ekki fræ.
Þess vegna var ekkert dýrmætara en fræ. (bls. 7)

Vísindamennirnir hafa til dæmis rekist á mörg vandamál við sköpun nýrra dýra og ná ekki að skapa nákvæmlega það sem þeir vilja. Niðurstöðurnar geta verið skelfilegar eins og til dæmis þegar lifandi Mikkar sem „eiga að yfirtaka hunda- og kattamarkaðinn“ (bls.177) fara að éta börn. „- Já, auðvitað, sagði Indriði. Halli hamsturinn minn át börnin sín oft og mörgum sinnum. - Nei, ég meinti ekki þannig, sagði Grímur, þær éta börnin“ (bls.178).

Tæknin leiðir líka til heimsenda þegar Milljón Stjörnu Hátíðin eyðileggur allt á jörðinni. Til allrar hamingju tekur náttúran við með fræið og gefur okkur von um bjartari framtíð. Boðskapurinn er þá sá að við þurfum að passa upp á náttúruna til að lifa af.

Í lófa LoveStar var fræ og í þessu fræi var kjarni og inni þeim kjarna var svo mikið innihald að hann óttaðist að ef fræið skemmdist myndi heimurinn sjálfur brotna eins og skurn. (bls. 88)

4. Niðurstaða og lokaorð

Ein höfuðniðurstaða þessarar rannsóknar er sú að *LoveStar* tilheyrir fleiri en einni bókmenntagrein en þær eru þó skyldar að einhverju leyti. Í greininni „Satíra og dystópía: Tvær bókmenntagreinir?“ (en. „Satire and Dystopia: Two Genres?“) segir Zsolt Czigányik að dystópía sé einhverskonar satíra og undirgrein satírunnar. Hann skilgreinir dystopíu svo:

satíra sem er ekki á sínum stað, sem hefur verið varpað fram í tímann eða lokuð inn á einum stað eða sem takmarka sig ekki við beitta gagnrýni á tiltekið fólk eða fyrirbæri en gaumgæfir virkni samfélagsins, rækilega, venjulega með því að setja einn þátt vandamálanna í miðju, og sá þáttur, magnaður, rangfærir allt kerfið, eða nánar tiltekið, sýnir brenglast eðli þess. (Czigányik, 2004, bls. 306)

Czigányik vitnar einnig í kenningu James Sutherland sem segir að „dystópía er satíra sem einbeitir sér á mannkyninu öllu“ (Czigányik, 2004, bls. 306).

Samkvæmt Sutherland, sér satíristinn það sem hann gagnrýnir frá fjarlægju sjónarhorni, hann ræðst á það félagslega mynstur sem fjallað er um í satírunni. Dystópía, er í þessu samhengi, hin fullkomna róttæka satíra, sem gerir beina árás á félagsleg mynstur. (Czigányik, 2004, bls. 307)

Samkvæmt skilgreiningum Czigányiks og Sutherlands er *LoveStar* þá satíra sem setur kapítalisma og tækni í miðjuna til að gagnrýna samfélag okkar í heild. Ef dystópía er einhvers konar satíra þá hefur *LoveStar* alltaf verið bæði dystópía og satíra samtímis. En af hverju notar fólk einn flokk frekar en annan?

Flokkun skáldsögu Andra Snæs hefur breyst með tímanum og að mínu mati hefur þetta tengst breytingum í skynjun og skilningi lesenda á verkinu. Eins og fram kom fyrr í ritgerðinni eru bókmenntagreinir háðar lesendum. Ef það verður breyting á flokkun verks þýðir það líklega að breyting hefur orðið á sjónarhorni lesenda. Kringumstæðurnar og áhrifin sem þær hafa á viðhorf sem fólk hefur til samfélagsins breytast með tímanum og þetta hefur þá áhrif á flokkun verka sem fjalla um samfélagsleg mál. Dystopían *LoveStar* var þegar satíra fyrir átján árum en lesendurnir skildu það kannski ekki strax eða vildu ekki vera meðvitaðir um það. Ástæðan var hugsanlega sú að samfélagið, sem er lýst í bókinni, var ekki nógu nálægt okkar samfélagi á þeim tíma. Sú staðreynd að lesendur hafi byrjað að skilgreina verkið sem

paródíu (sem er oft rugluð saman við satíru) í kringum 2010 sýnir að það sé að verða breyting á sjónarhorni lesenda sem sjá LoveStar-samfélagið sem samfélag sem er hliðstætt eigin samfélagi fremur en „sem mynd af mun verra samfélagi en því sem þeir búa í“ (Harpa R. Kristjánsdóttir 2018, bls. 9). Þegar fjallað er um dystopíu er það fyrsta sem kemur upp í hugann *skáldskapur, ímyndun, framandi samfélag*, á meðan satíra tengist frekar hugmyndinni um *gagnrýni á samfélag okkar*, eitthvað sem er miklu nær raunveruleikanum.

Breytingin á flokkun *LoveStars* þýðir samt ekki að dystopían sé orðin að veruleika vegna þess að aðstæðurnar eru augljóslega ekki eins slæmar í raunveruleikanum hér og nú og í bókinni (jafnvel þótt margt í okkar samfélagi sé nær LoveStar-samfélaginu en áður). Það eru til dæmis meiri umræður og áhyggjur nú en áður um náíð eftirlit „stóra bróður“ með einstaklingum í gegnum snjallsíma og tölvur. Loftslagsbreytingar eru líka í kjarna umræðna á okkar dögum og það eru margir með áhyggjur af nýrri tækni og áhrifum þeirra á heilsufarið. Þetta eru vandamál sem koma oft fyrir í sögunni.

Lesendur eru að verða meðvitaðri um gagnrýnishlutverk skáldsögunnar og þetta er kannski háð því að þeir eru meðvitaðri um þessi vandamál nú á dögum en þeir voru fyrir átján árum. Skilaboð bókarinnar hafa ekki breyst síðan hún kom út en áhrif hennar á lesendur eru öðruvísi. Í því má benda á að Zsolt Czigányik vísar líka til skilgreiningar frá Arthur Pollard sem segir:

Besta satíra er sú sem er öruggust um eigið gildi. Besta leiðin til að skynja hið vonða er að vera meðvitaður um hvað hið góða er. Dystopía er kannski satíra frá óöruggara tímabili: við erum ekki viss um hvað er gott eða venjulegt en það eru góðar fréttir fyrir framtíð siðmenningarinnar að við vitum að minnsta kosti hvað er vont eða óvenjulegt. Og ef við gleymum því munu dystopíur alltaf minna okkur á það. (Czigányik, 2004, bls. 309)

Fyrir bankahrunið voru íslenskir lesendur kannski óvissir um hversu jákvæðar breytingarnar, sem birtust í vexti banka og útrás íslenskra fyrirtækja, raunverulega voru. Þeir voru óvissir um hvað væri gott eða slæmt. *LoveStar* var þá tilraun til að ímynda sér hvað væri rangt í samfélaginu, til dæmis varðandi frelsi, umhverfismál og siðferði. Þess vegna var flokkun sögunnar sem dystopía algengust. Flokkun sögunnar sem paródía eða

jafnvel satíra getur gefið til kynna að lesendur eru meðvitaðri um þessi vandamál og sagan er nú orðin áminning frekar en ímyndun.

Í stuttu máli er *LoveStar* allt í senn: dystópía, paródía og einnig satíra. Sagan tilheyrir öllum þessum bókmenntagreinum í einu og hefur tilheyrt þeim frá byrjun. Skilaboð bókarinnar hafa aldrei breyst en flokkunin á henni hefur breyst með sjónarhorni lesenda. Að síðustu getum við sagt að sú staðreynd að *LoveStar* hefði verið flokkuð sem paródía þýðir ekki að dystopían sé orðin að veruleika (jafnvel þótt samfélagi okkar sé líkara *LoveStar*-samfélaginu en fyrir átján árum), heldur bara að lesendurnir séu orðnir meðvitaðri um gagnrýnishlutverk sögunnar.

Heimildaskrá

Andri Snær Magnason. (2006). *Draumalandið: Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð*. Reykjavík: Mál og menning.

Andri Snær Magnason. (2002). *LoveStar*. Reykjavík: Mál og menning.

Andri Snær Magnason. (2012). *LoveStar* (Victoria Cribb þýddi). New York: Seven Stories.

Andri Snær Magnason. (1999). *Sagan af bláa hnettinum* (Áslaug Jónsdóttir myndskreytti). Reykjavík: Mál og menning.

Andri Snær Magnason. (2019). Um tímann og vatnið-komin út. *Andri Snær Magnason*, 13. október. Sótt 13. apríl 2020 af: <https://www.andrisnaer.is/wp-is/frettir/2019/10/um-timann-og-vatnid-komin-ut/>

Baroni, R. (2003). Genres littéraires et orientation de la lecture. Une lecture modèle de « La mort et la boussole » de J.L. Borges. *Poétique*. 134, 2: 141-157.

Baccolini, R. (2000). Gender and Genre in the Feminist Critical Dystopias of Katherine Burdekin, Margaret Atwood, and Octavia Butler. Í M. Barr, *Future Females, the Next Generation: New Voices and Velocities in Feminist Science Fiction* (bls. 13-15). Boston: Rowman and Littlefield.

Claeys, G. og Sargent, L. T. (1999). Introduction. Í G. Claeys og L. T. Sargent, *The Utopia Reader* (bls. 1-6). New York & London: New York University Press.

Czigányik, Z. (2004). Satire and Dystopia: Two Genres? Í HUSSE papers 2003: *Literature and Culture: Proceedings of the 6th Biennial Conference of the Hungarian Society for the Study of English*. Debrecen : University of Debrecen, bls. 305-309.

Deléage, J-P. (2008). Utopies et dystopies écologiques. *Écologie & politique*. 37, 3:33-43.

Gauti Kristmannsson. (2019). Hið röklega tengt við tilfinningastrengi. *Ríkisútvarpið*, 12 október. Sótt 4. maí 2020 af: <https://www.ruv.is/frett/hid-roklega-tengt-vid-tilfinningastrengi>

Gordin, M. D., Tilley H. og Prakash, G. (2010). Introduction: Utopia and dystopia beyond space and time. Í *Utopia/Dystopia: Conditions of Historical Possibility* (pp. 1-17). Princeton University Press. Princeton: Princeton University Press.

- Gunnar Karlsson. (2000). *Íslensk saga í stuttu máli*. Reykjavík: Mál og menning. [Endurprentun 2013].
- Hanna Rún Sverrisdóttir. (2013). Lovestar-hugmynd Andra Snæs verður að veruleika. *Vísir*, 14 ágúst. Sótt 15. mars 2020 af: <https://www.visir.is/g/2013130819569>
- Harpa Rún Kristjánsdóttir. (2018). *Er mannskepnan missir völdin. Þróun og greining íslenskra ólandssagna fyrir fullorðna*. (Guðni Elísson, leiðbeindi). Reykjavík: Lokaritgerð til MA prófs í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands.
- Helga Birgisdóttir. (2007). *Þegar neglt var fyrir sólina, kríurnar rötuðu ekki heim og einn maður átti sér draum : vistrýni og verk Andra Snæs Magnasonar*. (Sveinn Yngvi Egilsson, leiðbeindi). Reykjavík: Lokaritgerð til MA prófs í Íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands.
- Hughes, R. og Wheeler, P. (2013). Introduction Eco-dystopias: Nature and the Dystopian Imagination. *Critical Survey*. 25, 2: 1-6.
- Jakob Benediktsson (ritstjóri). (1983). *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: Mál og menning. [Endurprentun 2008].
- Jóhannes Ólafsson. (2017). Bók vikunnar: Lovestar- Andri Snær Magnason. *Ríkisútvarpið*, 9. nóvember. Sótt 8. mars 2020 af: <https://www.ruv.is/frett/lovestar-andri-snaer-magnason>
- Katla Ársælsdóttir. (2020). Þetta er stærsta mál í heimi. *Stúdentablaðið*, 13. janúar. Sótt 7. maí 2020 af: <http://studentabladid.com/efni/2020/1/13/etta-er-strsta-ml-heimi>
- Kristín Ólafsdóttir. (2018). Umdeild gæludýrklónun aðeins á færi þeirra ríku: „Er þetta ekki frekar ógeðslegt?“. *Vísir*, 28. október. Sótt 11. maí af: <https://www.visir.is/g/20181892113d>
- Magnús Þór Snæbjörnsson. (2007). Er Draumalandið sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð? *Skírnir*, 181, 2: 464-495.
- Morgunblaðið*. (2002). Síðasta skáldsaga Íslands? *Morgunblaðið*, 30. nóvember. Sótt 15. mars 2020 af: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/701324/>
- Morgunblaðið*. (2004). Boðið upp á útför úti í geimnum. *Morgunblaðið*, 19. febrúar. Sótt 13 apríl 2020 af: https://www.mbl.is/folk/verold/2004/02/19/bodid_upp_a_utfor_uti_i_geimnum/
- Morgunblaðið*. (2006). Frá fantasíu til raunsæis. *Morgunblaðið*, 19. mars. Sótt 13 mars 2020 af: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1072611/>

Morgunblaðið. (2016). Andri Snær verðlaunaður í Frakklandi. *Morgunblaðið*, 11. maí. Sótt 18. mars 2020 af: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/05/11/andri_snaer_verdlaunadur_i_frakklandi/

Morgunblaðið. (2019). Okjökull kvaddur með viðhöfn. *Morgunblaðið*, 18. ágúst. Sótt 13 mars 2020 af: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/08/18/okjokull_kvaddur_med_vidhofn/

NASA Science. (2020). Mars helicopter. *Mars Exploration Program*, 30. júlí 2020. Sótt 1. ágúst 2020 af: <https://mars.nasa.gov/technology/helicopter/>

O'Brien, M. (2012). Andri Snær Magnason: The First Capitalist-Realist Poet? *The Reykjavík Grapevine*, 5. nóvember. Sótt 13. febrúar 2020 af: <https://grapevine.is/mag/interview/2012/11/05/the-first-capitalist-realist-poet/>

Pollard, A. (1970). *Satire*. London: Methuen.

Stefán Einar Stefánsson. (2020). Sagan af skrítna hnettinum. *Þjóðmál*, 27. janúar. Sótt 3. maí 2020 af: <https://www.thjodmal.is/2020/01/27/sagan-af-skritna-hnettinum/>

Sutherland, J. (1967). *English Satire*. (bls. 21). Cambridge: Cambridge University Press.